



Ágætu fundarmenn.

Ég vil byrja á því að upplýsa að sá sem hér stendur tilheyrir ekki neinum stjórnmalaflokki, enda er það mín skoðun að forystumenn í Verkalýðshreyfingunni eigi ekki undir nokkrum kringumstæðum að vera eyrnamerkir einhverjum einum ákveðnum stjórnmalaflokki. Enda eru forystumenn í Verkalýðshreyfingunni að vinna fyrir félagsmenn sem tilheyra öllum stjórnmalaflokkum.

Það er einnig gríðarlega mikilvægt að verkalýðshreyfingin sé hafin yfir allan vafa hvað varðar traust og trúverðugleika. En það gerir hún alls ekki með því að forystumenn í verkalýðshreyfingunni séu yfirlýstir stuðningsmenn einhverra ákveðinna stjórnmalaafla og noti verkalýðshreyfinguna til að koma sínum flokkspólítísku málum á framfæri.

Með öðrum orðum, verkalýðshreyfingin á að vinna að málefnum er lúta að hagsmunum launafólks algerlega óháð því frá hvaða stjórnmalaaöflum slík málefni koma.

Ágætu fundarmenn.

Ég vil þakka Hagsmunasamtökum heimilanna fyrir frábæra baráttu allt frá hruni bankanna, en þeirra barátta hefur byggst á þeirri sanngjörnu kröfu að sá gríðarlegi forsendubrestur sem varð við fall bankanna verði leiðréttur með afgerandi hætti á skuldum heimilanna.

Það hefur einnig verið krafa samtakanna að afnema verðtrygginguna og þessari kröfu er ég algjörlega sammála, enda er verðtryggingin ekkert annað en vextir sem eru til þess fallnir að gæta að hag fjármagnseigenda í hvívetna. En verðtryggingin hefur leikið skuldsett heimili skelfilega að undanfögnu.

Verðtrygginguna hafa stjórnvöld ekki verið tilbúin til að afnema, en það vafðist ekki fyrir þeim að afnema verðtryggingu persónuafsláttar sem



búið var að semja um við verkalýðshreyfinguna samhliða síðustu kjarasamningum. Verðtrygging persónuafsláttar hefur verið baráttumál verkalýðshreyfingarinnar í áraraðir ef ekki áratugi, enda er verðtrygging persónuafsláttar gríðarlega mikilvæg fyrir þá tekjulægstu. Að ríkisstjórn sem kennir sig við félagshyggju, jöfnuð og velferð skuli taka slíka ákvörðun, er mér algjörlega óskiljanlegt.

Það er morgunljóst að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til varðandi vanda heimilanna byggjast allar á því að létta einungis á greiðslubyrði skuldarans. Ríkisstjórnin ætlar að tryggja með öllum tiltækum ráðum að skuldir heimilanna fái að fullu greiddar. Það er með öðrum orðum ekkert verið að leiðrétta þann stökkbreytta höfuðstól sem heimili landsins sitja uppi með vegna græðgisvæðingar fárra útrásarvíkinga og handónýtra eftirlitskerfa.

Verkalýðsfélag Akraness hefur ætíð tekið undir með Hagsmunasamtökum heimilanna um að ríkisstjórn Íslands komi af fullum þunga til móts við kröfur samtakanna. Það er mat mitt að ef það verður ekki gert þá muni heimilum þessa lands blæða út hægt og bítandi. Það má líkja úrræðum ríkisstjórnarinnar við bráðavanda skuldsettra heimila, við það að setja plástur á slagæðablæðingu.

Það er með öllu óþolandi að enn eina ferðina skuli ekki gilda jafnræði og sanngirni á milli fjármagnseigenda og skuldsettra heimila. Á meðan slegin var skjaldborg utan um fjármagnseigendur þar sem þeir voru tryggðir í bak og fyrir verður skuldsettum heimilum gert að greiða stökkbreyttar skuldir sínar allar upp í topp. En eins og allir muna þá tryggðu neyðarlögin allar innistæður á bankabókum að fullu. Þessu til viðbótar setti ríkið hundruði milljarða króna inn í peningamarkaðssjóði bankanna áður en greitt var út úr þeim.

Á þessu sést að það gilda allt önnur lögmál um fjármagnseigendur en almennt launafólk sem gert er að greiða allar sínar skuldir upp í rjáfur. Það skal gert með góðu eða illu. Það blasir við að yfirvöld eru ekki



tilbúin til að leiðrétta þann forsendubrest sem varð, en það er grundvallaratriði að það komi skýrt fram að heimili landsins eru ekki að fara fram á neina ölmusu heldur einungis sanngjarna leiðréttingu. Leiðréttingu á skuldum sínum sem það gat ekki borið nokkra ábyrgð á.

Ágætu fundarmenn.

Hvað með þessa snillinga sem áttu eignarhaldsfélögin?

Eins og fram hefur komið í fréttum þá hafa bankarnir undanfarin 4 ár lánað eignarhaldsfélögum 1800 milljarða, sem er nánast jafn há upphæð og hrein eign allra lífeyrissjóða sem launafólk hefur byggt upp á 40 árum. Æði margt bendir til þess að veð og tryggingar á þessum 1800 milljörðum séu litlar sem engar.

Mig langar í þessu samhengi að nefna nokkrar afskriftir þessara fjármálasnillinga, sem tilheyra eignarhaldsfélögum og hefur nú þegar verið fjallað um í fjölmiðlum:

Bjarni Ármannsson 800 milljónir (hefur reyndar látið hafa það eftir sér að það væri óábyrgt að greiða þær skuldir sínar sem ekki þurfi að greiða)

Finnur Ingólfsson hjá Langflugi 14 milljarðar

Pálmi Haraldsson í Fons 30 milljarðar

11 milljarða skuld Sigurðar Bollasonar þarf að öllum líkindum að afskrifa þar sem engar eignir eru til fyrir skuldinni.

Á sama tíma og þessar afskriftir eiga sér stað, þá koma skýr skilaboð frá íslenskum stjórnvöldum: því miður er ekki hægt að leiðrétta skuldir heimilanna vegna þess efnahagshruns sem hér hefur orðið. Þessir menn skýla sér á bak við handónýt lög um eignarhaldsfélög sem þýðir á mannamáli að þeir skilja skuldinar eftir í félögunum en ganga sjálfir hnarreistir frá öllu saman án þess að þeir beri persónulega ábyrgð. Mitt mat er að þetta sé óásættanlegt með öllu.



Það er ekki bara að alþýða þessa lands þurfi að horfa upp á skuldir sínar í sumum tilfellum tvöfaldast, heldur hafa verslunareigendur, tryggingafélög, ríki, sveitarfélög og aðrir þjónustuaðilar varpað sínum vanda viðstöðulaust út í verðlagið. Þessu til viðbótar blasa nú við heimilum landsins gríðarlegur niðurskurður og skattahækkanir á því ári sem nú er nýgengið í garð.

Kæru félagar.

Það var grátlegt að verða vitni að því þegar Alþýðusamband Íslands gekk frá samkomulagi við Samtök atvinnulífsins. Í því samkomulagi var hinn almenni launamaður þvingaður til að afsala sér sínum launahækkunum sem kveðið var á um í kjarasamningum sem undirritaðir voru í febrúar 2008.

Eins og þið munið öll þá var undirritaður stöðugleikasáttmáli, stöðugleikasáttmáli sem átti öllu að redda fyrir íslenskt launafólk. Mitt mat er það að það hefur ekki nema eitt gengið eftir í þessum svokalla stöðugleikasáttmála og hvað skyldi það nú vera? Jú, launafólk var þvingað til að fresta og afsala sér sínum launahækkunum.

Ég hef fyrir hönd Verkalýðsfélags Akraness mótmælt þessu samkomulagi um frestun launahækkana, allt frá upphafi. Bæði á formannafundum Alþýðusambands Íslands sem og á ársfundi sambandsins. Enda er mitt mat að hér hafi verið gerð stórkostleg mistök, enda eru klárlega til fyrirtæki sem hafa fulla burði til að standa við þann hófstilla samning sem gerður var á árinu 2008. Nægir að nefna í því samhengi öll útflutningsfyrirtækin, þar með talið fiskvinnslufyrirtækin sem hafa verið að gera góða hluti í kjölfar gengishruns krónunnar.

Það er mat mitt að verkalýðshreyfingin þurfi að vera mun grimmari í hagsmunagæslu fyrir sitt fólk heldur en verið hefur á undanförunum árum. Nægir að nefna í því samhengi að lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum í dag eru rúmar 152 þúsund krónur og eins og ég sagði í



ræðu minni á ársfundi ASÍ þá er það samfélaginu öllu, atvinnurekendum og síðast en ekki síst verkalýðshreyfingunni til skammar að bjóða upp á launataxta sem ekki nokkur einasti maður getur framfleytt sér á.

Það á að vera forgangsverkefni verkalýðshreyfingarinnar að lagfæra launataxta verkafólks svo fólk geti framfleytt sér og sinni fjölskyldu á þeim. Til að þetta sé hægt þarf að nást víðtæk samstaða um að sýna atvinnurekendum með afgerandi hætti að verkalýðshreyfingin er tilbúin í róttækar aðgerðir til að lagfæra lágmarkslaun á Íslandi.

Ágætu félagar.

Í áramótaávarpi forseta Íslands kom skýrt fram að hann telur gríðarlega mikilvægt að stórauka lýðræðið hér á landi. Þessu er ég algjörlega sammála og sem dæmi þá lagði Verkalýðsfélag Akraness fram á ársfundi Alþýðusambands Íslands tillögu um að stórauka lýðræðið við stjórnarval í stjórnnum lífeyrissjóða. Tillagan gekk út á það að sjóðsfélagar, jafnt greiðendur sem lífeyrisþegar, hefðu möguleika á því að bjóða sig fram til stjórnarsetu og hætt yrði með helmingaskipti atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar í stjórnnum lífeyrissjóðanna. Með þessari tillögu hefði lýðræðið inni í stjórnnum sjóðanna stóraukist.

Skemmst er frá því að segja að þessi tillaga var kolfelld á ársfundi Alþýðusambands Íslands. Ég sagði á fundinum að það væri mér óskiljanlegt að þessi tillaga fengi ekki brautargengi vegna þess að ég tel að þetta sé vilji hins almenna sjóðsfélaga, enda er það mín bjargfasta skoðun að það séu sjóðsfélagarnir sjálfir sem eiga að stjórna sjóðunum. Þarna var kjörið tækifæri fyrir Alþýðusamband Íslands að sýna með afgerandi hætti að það væri tilbúið til að taka þátt í Nýju Íslandi, Íslandi sem byggðist ekki á sérhagsmunagæslu. En því miður þá tel ég að hér hafi forystumenn í stéttarfélögum fyrst og fremst hugsað um eigin hag en ekki um hag allra sjóðsfélaga. Enda fylgja gríðarleg völd með setu í stjórnnum lífeyrissjóðanna og af 24 miðstjórnarmönnum innan ASÍ eru 13 sem eiga stjórnarsæti sem aðalmenn eða varamenn í stjórnnum lífeyrissjóðanna. Á þeirri forsendu tel ég að sérhagsmunirnir hafi haft



yfirhöndina þegar tillögu Verkalýðsfélags Akraness um stóraukið lýðræði við stjórnarval lífeyrissjóðanna var hafnað á ársfundi ASÍ. Þetta er ekki það Nýja Ísland sem barist var fyrir hér á Austurvelli fyrir ári síðan.

Ágætu fundarmenn.

Ég veit að almenningur í þessu landi eru orðinn þreyttur á þessu svokallaða Icesave máli. En við skulum átta okkur á því að hér er um framtíð landsins að ræða. Framtíð heilbrigðiskerfisins, menntakerfisins og velferðakerfisins í heild sinni hangir á þessu máli. Því þýðir enga fljótfærni þegar jafn miklir hagsmunir eru í húfi og raun ber vitni um.

Það var að mínu mati afar ánægjulegt að forseti Íslands skuli hafa tekið ákvörðun um að synja Ivesave lögnum og gefa þjóðinni kost á því að kveða upp um það hvort hún sé samþykkt þessum lögum eða ekki. Það er æði margt sem bendir til þess að okkur beri engin skylda til að ábyrgjast Icesave drápsklyfjarnar, ef marka má okkar færustu lögspekinga og nægir að nefna í því samhengi laga-prófessorana Sigurð Líndal og Stefán Mát Stefánsson og lögfræðinginn Lárus Blöndal. Doktor Michael Waibel sérfræðingur í alþjóðalögum segir engar klárar lagalegar skyldur hvíla á herðum Íslendinga til þess að borga Icesave-skuldina.

Eva Joly hefur einnig bent á að hún telji engar lagalegar skyldur fyrir okkur Íslendinga að ábyrgjast þessa skuld og telur hún ljóst að íslenska þjóðin muni ekki geta greitt þær fjárhæðir sem við erum krafín um. Þessu til viðbótar hefur fjölda annarra innlendra og erlendra mikilmetinna einstaklinga komist að sömu niðurstöðu.

Því spyr ég, hví eru íslensk stjórnvöld að leggja slíkar klyfjar á komandi kynslóðir ef engar lagalegar forsendur eru fyrir slíkri skuldbindingu? Við Íslendingar eigum að senda skýr skilaboð út til Breta og Hollendinga um að við viljum greiða það sem okkur ber samkvæmt lagalegum skyldum



en við viljum að sjálfsgöðu fá að vita hverjar þær lagalegu skuldbindingar eru.

Í fyrradag kom fram í fréttum að Fjármálaeftirlitið gerði ekki ráð fyrir að ríkisábyrgð væri á Icesave innistæðum í Bretlandi og Hollandi þegar útibú Landsbankans þar voru stofnuð. Eftirlitið benti á að hvergi í lögum um innistæðutryggingar sé talað um ríkisábyrgð.

Hvað sagði Jón Baldvin Hannibalsson í grein fyrir örfáum dögum síðan? Hann sagði orðrétt: “Íslensk stjórnvöld höfðu allar nauðsynlegar lagaheimildir og stjórnarsýsluúrræði til að afstýra því að Icesave-reikningurinn félli á þjóðina. Íslensk stjórnvöld brugðust þeirri skyldu.”

Það blasir við hver ástæða Breta og Hollendinga er þegar þeir neita því að fara með málið fyrir dómstóla? Okkur ber alls engin lagaleg skylda til að greiða þessa skuld.

Sá fantaskapur sem þessi ríki hafa sýnt okkur er ótrúlegur. Fyrst hryðjuverkalög, settir í flokk með Al Quaida og öðrum ribböldum og síðan krafist þess að við tökum á okkur alla ábyrgð í þessu máli.

Ágætu fundarmenn.

Hvað þýðir það fyrir okkur Íslendinga ef samningurinn verður samþykktur eins og hann nú liggur fyrir?

-Jú, Við Íslendingar þurfum að greiða 100 milljónir dag hvern bara í vaxtagreiðslur, eða sem nemur á bilinu 36 – 45 milljörðum á hverju ári. Það þarf 80.000 skattgreiðendur til að standa bara undir þessum vaxtagreiðslum og til að setja þetta frekar í samhengi, þá kostar 32 milljarða að reka Landspítalann – Háskólasjúkrahús árlega. Og til að sýna enn frekar fátánleikann sem fólgin er í þeim stjarnfræðilegu tölum sem upp ræðir þá var verið að vígja hæstu byggingu heims í Dubai, en við gætum reist fyrir Breta einn slíkan turn fyrir helming þeirrar



upphæðar sem við eigum að greiða í vexti af fyrirbyggjandi Icesave-samningi.

Á þessu sést að íslensk þjóð getur ekki undir nokkrum kringumstæðum axlað þessa ábyrgð sem liggur fyrir vegna græðgisvæðingar örfárra einstaklinga og handónýts eftirlitskerfis.

Hvað sagði ekki Steingrímur J. Sigfússon í fréttum fyrir rúmu ári síðan, eða 23. október 2008? Hann sagði að það verði gerð uppreisn hér á landi verði gengið að kröfum Breta og Hollendinga um greiðslu á 600 milljarða króna skuldbindingu vegna Icesave-reikninganna. Hann sagði einnig að Íslendingar hafi uppfyllt allar lagalega skyldur og tilskipanir Evrópusambandsins um innlánstryggingakerfið og Íslendingum bæri ekki að láta undan kröfum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins því okkur beri ekki skylda til að greiða tapið á Icesave-reikningunum.

Ágætu fundarmenn.

Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon fyrir rétt rúmu ári síðan. En nú kveður við nýjan tón hjá Steingrími þar sem hann og hans ríkisstjórn heldur uppi skefjalausum hræðsluáróðri um að allt sé hér á leið til fjandans verði ekki gengið frá Icesave-samningunum án tafar. Því segi ég: Ragnar Reykás er grátbroslegur í samanburði við þann viðsnúning sem nú hefur orðið hjá fjármálaráðherra.

Eins og ég sagði áðan, þá á krafa Íslendinga að vera skýr: Borgum það sem okkur ber lagaleg skylda til og krefjumst þess að sú skylda verði kölluð fram af óháðum dómstólum. Enda er, eins og áður hefur komið fram, álit flestra fræðimanna að ekki sé kveðið á um ríkisábyrgð í Evrópureglugerð um innstæðutryggingar og Steingrímur J. er því sammála ef marka má ummæli hans frá því í október 2008.

Össur Skarphéðinsson, sá ágæti ráðherra, sagðist ekki vera tilbúinn til þess að bera töskur forsetans í Indlandsferðinni sem farin var á dögunum. Í þessu samhengi vil ég segja við Össur Skarphéðinsson: yfirgnæfandi



meirihluti þjóðarinnar er ekki tilbúinn að bera þær drápsklyfjar sem stendur til að leggja á hana. En það er ljóst að það mun þurfa marga töskubera til að bera farangur fólks sem mun flýja þetta land ef þessi reikningur fellur á saklausan almenning þessarar þjóðar.

Að öllu þessu sögðu þá spyr ég: Um hvað voru menn að semja? Stjórnvöld segja að þessi samningur sé besta niðurstaða sem hægt hafi verið að ná. Hvernig getur þetta verið besta niðurstaðan, þegar nánast yfirgnæfandi líkur eru á því að okkur beri ekki að greiða þessa skuld?

Við ríkisstjórn Íslands vil ég segja: farið að hunskast til að standa í lappirnar, en lympast ekki niður eins hvolpur fyrir fram eiganda sinn þegar hann hefur gert eitthvað af sér. Þið skuldið íslenskri þjóð að þið sýnið fulla hörku í þessu máli. Þið hafið tækifærið til að lagfæra þennan samning svo sómi sé af og ég fullyrði að þið hafið fullan stuðning íslensku þjóðarinnar til að sýna tennurnar í þessu máli.

Ágætu fundarmenn.

Það er mér óskiljanlegt að þeir aðilar sem bera ábyrgð Icesave, skuli allir ganga lausir ennþá. Afhverju er ekki búið að frysta eigur þessara manna og tryggja það að þeir leggi sín lóð á vogarskálarnar til að greiða úr þeim óskapnaði sem þeir komu þjóðinni í.

Það er mér einnig óskiljanlegt að aðrir útrásarvíkingar sem rændu bankana innan frá, stórsköðuðu orðstír heillar þjóðar og hafa valdið íslensku þjóðinni, þessari kynslóð og komandi kynslóðum, ómældum þjáningum skuli ganga enn lausir. Það þarf að frysta eigur allra þessara manna tafarlaust á meðan rannsókn fer fram. Enda hefur nú komið í ljós að þessir snillingar eru farnir með ferðatöskur fullar af peningum af landi brott. Það er ógeðfellt að sjá að sumir þessara manna lifa í vellystingum



erlendis á meðan líf skjör almennings í þessu landi eru stórskert, enda hefur græðgisvæðing þessara manna ógnað heilbrigðiskerfi, menntakerfi og öllu velferðarkerfinu í heild sinni.

Því segi ég við gamla sýslumanninn minn frá Akranesi, Ólaf Þór Hauksson, núverandi sérstakan saksóknara, það er krafa okkar Íslendinga að náð verði í rassgatið á þessum mönnum, eigur þeirra frýstar tafarlaust og þeim komið öllum á bak við lás og slá. Við annað verður ekki unað.

Að lokum ég segja eitt. Við Íslendingar höfum fulla burði til að vinna okkur út úr þeim óskapnaði sem þessir menn komu okkur í. En til þess að það geti gerst þurfa íslensk stjórnvöld að tryggja að lífsskilyrði verði viðunandi hér á komandi árum og áratugum. Það verður ekki gert með því að við tökum á okkur drápsklyfjar Icesave reikninganna sem okkur ber engin lagalega skylda til að greiða. Íslensk stjórnvöld verða að vinda ofan af þeirri vitleysu.

Við erum rík. Og nægir að nefna í því samhengi allar þær auðlindir sem við Íslendingar eigum, sama hvort um er að ræða náttúruauðlindir, sjávarauðlindir, orkuauðlindirnar, og ég tala nú ekki um þann mannauð sem hér í þessu landi býr. Á þessum stöðum munum við vinna Ísland upp úr þeim öldudal sem við erum nú í.

Eitt er kristaltært, að gildi undanfarinna ára og áratuga sem lúta að sérhagsmunagæslu, einkavinavæðingu og hroka í garð almennings, þetta eru gildi sem þurfa að víkja tafarlaust.

Gildin sem við viljum sjá eru réttlæti, jöfnuður og virðing. Ef þessi gildi verða **ekki** tekin upp hér á landi þá er ekki nema eitt að segja: **Guð blessi Ísland.**

Takk fyrir.